

Leiðbeiningar vegna grunnvottorðs læknis vegna nýrnabilunar

Læknir sendir inn grunnvottorð til SÍ fyrir einstaklinga með alvarlega nýrnabilun, þ. á m. sjúklinga í skilunarmeðferð og sjúklinga með ígrætt nýra. Grunnvottorðið gildir sem umsókn um lyfjaskírteini og læknisvottorð fyrir ferðakostnað, endurhæfingarlífeyri, örorkulífeyri, næringarstyrk, hjálpertæki og heimahjúkrun.

Gerð vottorðs

Í reit 11 eru skilgreindir tveir flokkar:

Flokkur I

Einstaklingar með alvarlega nýrnabilun (GSH <25 ml/mín.), í skilunarmeðferð eða með ígrætt nýra (fyrstu ár eftir ígræðslu) eða með sérstök vandamál sem tengjast ígræddu nýra.

Tilgreina þarf gildistíma grunnvottorðs með hliðsjón af batahorfum einstaklings.

Lyfjaskírteini er gefið út þar sem ákveðin lyf/lyfjaflokkar (skv. lyfjalista) eru að fullu greidd af SÍ. Þurfi sjúklingur að nota önnur lyf en þau sem eru á listanum en sem tengjast nýrnasjúkdómnum, þarf læknir að sækja sérstaklega um það í reit 12, með faglegum rökstuðningi í reit 15.

Flokkur II

Sjúklingar með ígrætt nýra lengur en 3 ár.

Gildistími grunnvottorðsins er ótakmarkaður eða þar til nýtt grunnvottorð berst.

Lyfjaskírteini er ekki gefið út sjálfkrafa fyrir einstaklinga í flokki II. Ef óskað er eftir aukinni greiðsluþátttöku vegna lyfja fyrir sjúklinga í flokk II þarf að tilgreina hvaða lyf sótt er um í reit 12 og verða þau niðurgreidd skv. almennum reglum.

Nýtt grunnvottorð þarf ef sjúklingur færast á milli flokka.

Grunnvottorð vegna sjúklinga í flokki I og flokki II gefa möguleika á neðantöldum bótum:

- *Lyfjaskírteini* - ákveðinn lyfjalisti er gefinn út sjálfkrafa fyrir sjúklinga í flokki I en sækja skal um hvert einstakt lyf fyrir einstaklinga í flokki II.
- *Ferðakostnað* - í reit 14 skal krossa við hvað sótt er um og rökstyðja í reit 15. Grunnvottorðið nægir til ákvörðunar ferðakostnaðar.
- *Endurhæfingarlífeyrir* - sjúklingur sendir inn umsókn við fyrsta mat. Gildistími allt að 18 mánuðir.
- *Örorkulífeyrir* - sjúklingur sendir inn umsókn og svarar spurningarlista vegna færniskerðingar (við fyrsta mat). Gildistími metinn hverju sinni.
- *Næringarstyrkur* - næringarfræðingur eða læknir sendir umsókn. Gildistími 1-5 ár, metið skv. umsókn.
- *Hjálpertækjastyrkur* - hjúkrunarfræðingur, iðjuþjálfari eða sjúkraþjálfari eða læknir sækir um hjálpertæki eftir atvikum. Krafist er nýs læknisvottorðs með umsókn ef ekki er samræmi milli þeirra hjálpertækja sem um er sótt og þeirra læknisfræðilegu upplýsinga sem áður hafa borist til SÍ. Gildistími hjálpertækjaskírteins vegna einnota vara eitt, fimm eða tíu ár.
- *Heimahjúkrun* – hjúkrunarfræðingur eða læknir sækir um heimahjúkrun og færir rök fyrir þörf.

Febrúar 2008

- *Heimasjúkraþjálfun* - sjúkraþjálfari eða læknir sækir um heimasjúkraþjálfun og færir rök fyrir þörf.